



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2736  
komudagur 14.5.2008

Nefndasvið Alþingis  
b.t. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

14. maí 2008

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð, 554. mál**

Taki frumvarpið gildi falla úr gildi lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum, þar með talin 0,3% skattheimta af vergum tekjum af sölu á raforku úr vatnsaflsvirkjunum sem fjármagnað hefur Fiskræktarsjóð að stórum hluta. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði bætt það upp með 270 m.kr. eingreiðslu úr ríkissjóði, samhliða því sem sjóðurinn innheimti gjald af veiðitekjum.

Samorka fagnar áætlunum um afnám þessarar íþyngjandi skattlagningar, sem samtökin hafa áður andmælt og lagt til að sjóðurinn aflaði sér tekna með beinum hætti af þeirri starfsemi sem sannanlega nýtur góðs af tilveru hans. Meðal annars hefur verið bent á að raforkuframléiðsla er samkeppnisgrein og vandséð hví greiða eigi slíkt gjald til óskyldrar starfsemi af einni tegund virkjana.

Samorka tekur enga afstöðu til annarra þátta frumvarpsins, svo sem fyrrnefndrar eingreiðslu úr ríkissjóði.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri